

# HELGI ÞORGILS FRÍÐJÓNSSON

GALLERÍ SVART Á HVÍTU  
ÓÐINSTORGI, REYKJAVÍK  
4.SEPT - 21.SEPT. 1987


KJARVALSSTAÐIR  
MIKLATÚNI, REYKJAVÍK  
5.SEPT - 21.SEPT. 1987

Helgi's pictures, as far back as I know them, always appeared to me strange, bizarre, disquieting. When I came to meet them first, I was seduced by the way he presented them in tiny booklets along with nice fairytales. However later on I noticed that what I had taken for his essential means of expression was more of a nice and gentle way to behave abroad, in the Dutch art world. The longer he stayed back in Iceland after finishing his schools in Holland the more he got into prints and oil paintings which showed a wild and often obscene part of a self he had only alluded to in his earlier stories. It became obvious too, that his ideas about colour are different from the way they are handled on the continent: I have not seen such colours in paintings which are produced in central Europe. His colours are strong and heavily put on the canvas, but what is more is that their blue-yellowish combination, the often strikingly sweet tones and the luring tones inbetween are far from what I would find in mediterranean art.

Helgi became one of those daring northern craftsmen which often appear as maniacs to the inhabitants of central Europe who are afraid to be disturbed in their ways of thinking. These northern people are a species of artists who do not seem to have to take care of the artistic developments which occupy the minds of Western artists: the paths of historical abstraction, the challenge of all-over structures and monochrome planes, the endgames of neo-conceptualism, all of which are discussed endlessly and thoroughly in the labyrinthic conversations common to intellectual and artistic sub-groups. It seems to me, strange as it may sound to non-northern ears, that Helgi and his friends do not hesitate to throw away all these reflections in order to introduce instead a ballet of men, women and horses caught in the most worldly activities animals and human beings are interested in. Unable to free myself from the historical contingencies which I experience closely and continuously, I greet this brave enterprise with respect and understanding.


Svo lengi sem ég man hafa mér fundist myndir Helga undarlegar, draumórakenndar, áreitnar. Þegar ég sá þær fyrst fannst mér þær lokkandi einsog hann kynnti þær í litlum bæklingum ásamt fallegum ævintýrum. En ég tók síðar eftir því að það sem ég hafði talið aðal einkenni tjáningar hans var fremur fallegt og víðfeildið hegðunarmynstur sem hann notaði í hinum hollenska listheimi. Því lengur sem hann dvaldi á Íslandi að loknu námi í Hollandi þeim mun skýrari urðu ótamdir og klúrir eðlisþættir grafík- og olíumálverka hans, þættir sem hann hafði aðeins dregið á í fyrri verkum sínum. Það kom líka í ljós að hugmyndir hans um list voru ekki þær sömu og tíðkast á meginlandi Evrópu. Eg hef ekki séð slíka list sem hans í mið-eyrópsku málverki. Listir hans eru sterkir og hnitmiðaðir á stríganum, en það sem meira er, blá-gul samsetning þeirra, oft áhrifamikill ljúfur blær og lokkandi litbrigði inn í milli, eru langt frá því sem ég gæti fundið í listaverkum Suður-Evrópu.

Helgi varð einn af þeim kjarkmiklu norrænu listamönnum sem oft lita út sem víffirringar í augum Mið-Evrópubúa sem eru hræddir við að láta



Fóstbræður í uppvexti, 1987, dúkskurður, 30,5x42 cm





Til framtíðarinnar, 1987, dúkskurður 30,5x42 cm

trufra hugsanagang sinn. Þetta norræna fólk er viss tegund listamanna, sem virðist ekki þurfa að hirða um listræna þróun sem listamenn í Vestur-Evrópu eru uppteknir af: leiðir sögulegra hugmynda, kröfur um heildarbyggingu og einlita fleti, lokasókn ný-huglistarinnar; sem allt er rókrætt endalaust frá öllum hlöðum í rammflóknum samræðum sem algengar eru meðal þröngs hóps mennta- og listamanna. Mér virðist, þó það kunni að láta undarlega í eyrum manna sem ekki eru norrænir, að Helgi og vinir hans hiki ekki við að láta þessar hugmyndir sem vind um eyru þjóta til þess að geta í staðinn komið á framfæri dansi karla, kvenna og hrassa í þeim jarðbundnu athöfnum sem eru sameiginleg áhugaefni dýra og manna. Þar sem ég get ekki losað mig undan sögulegum tilviljunum sem sækja stöðugt á mig tek ég þessu djarfa framtaki með virðingu og skilningi.

Doktor Dieter Schwarz

Kunst museum Winterthur

Hólt er að temja sér fagrar hugsanir, ekki þó svo fagrar að allt sé baðað í rórauðum bjarma, enda getur enginn staðfest það að sá hinn rórauði bjarminn sé fegurstur, of mikið af honum hlýtur að leiða til þunglyndis þegar fram í sækir. Ég tala um þunga fegurðarinnar. Þá raunverulegustu fegurð þegar hvert andartak er upplifað, jafnt andartak þjáningarinnar sem andartak gleðinnar. Fegurðina að finna fyrir öllu. Hina ósýnilegu fegurð sem hríslast um líkamann, ekki áþreifanleg, en smitar þó út frá sér.

Hvert listaverk ætti að búa yfir þessari ósýnilegu fegurð og hver sá sem stæði fyrir framan það ætti að vera þessi líkami, og straumur listaverksins hríslaðist um þennan líkama. Þau húsakynni sem hýstu listaverkið ættu að vera þessi líkami, það land... sá heimur...

Landslag og veður vinna saman, veðrið gefur landslaginu lífsræynslu, þannig fær það á sig persónulegan blæ. Atvik í lífi manns sem tengist landslaginu getur bætt nýrri mynd við landslagið og þá verður sá ákveðni staður tákn fyrir þann sem upplifði, tákn sem hugsanlega enginn annar getur skilið á sama hátt. Þegar maðurinn túlkar þessa upplifun sína í verki sínu og áhorfandinn stendur fyrir framan það, er ekki þar með sagt að áhorfandinn upplifi það á sama hátt og maðurinn, heldur upplifir hann það í samhengi við sínar eigin aðstæður. Verkið á sína eigin sönnu upplifun, er orðið sjálfstætt með sína eigin duldu lífsræynslu.

Ísland á sér marga kosti og er einn þeirra hið óbliða veðurfar, eða réttara sagt hið margbreytilega veðurfar. Margbreytilegt veðurfar og oft ótillitsamt er veðurfar upplifananna. Ferðalag um landið eða á milli húsa er alls staðar mótað af veðri. Hæðir, dailr, ár, steinar, götur og svo frv. óðlast nýja vídd, veðurfarsvíddina. Ferðalangur sem á leið um dal í sólskini og blankalogni fær aðra tilfinningu fyrir dalnum en sá



ferðalangur sem fór þar um í þoku og slyddu. Þetta er kannski það sem gerir samfélagið undarlega ruglað á köflum, í landi þar sem enginn á sömu upplifunina.

Tækni og hraði nútímans getur breytt þessu, ef enginn gefur sér tíma til að upplifa hlutina, fara menn að skilja hinum tóma skilningi. Tómi skilningurinn, þegar hlutirnir og orðin eiga sér bara eina fastskorðaða mynd, án lífsreynslu þess sem fylgist með eða hins sem segir frá.

List er ekki hugmynd, list er heimur. Heimur listamannsins er list hans. Þessi heimur getur að vísu brugðist sér í hugmyndalíki til að ná hinum háleitasta samruna sem þarf til að búa til eina lífkeðju. Þegar rækta skal upp mel og gera hann að túni þarf að tina burt allt grjót og svo er fræli súð og áburði dreift og að lokum hefst heyrinn. Ekkert eitt grjót eða eitt fræ var hin ákveðna hugmynd, þó hvert um sig hafi haft sína þýðingu, sama er að segja um verkfærin, stráin og bóndann. Allt þetta er ein heild. Bóndinn er miðdepillinn. Ytri veröldin er túnið, sköpunar, húsin og svo frv. sem hann getur sameinað óvenju vel innri veröldinni vegna þess að hann er einn.

Það sem að baki er hefur sinn hljórn, hljórn reynslunnar, hið ómótaða er framtíðin. Friðsemdin og öryggið er trúlað af ókunnum andblæ og hin rólega og notalega kyrrstaða umskapast. Náttúran sem hefur verið í aldalangri sköpun og maðurinn. Fjall springur í frosi, land leggst í auðn í gosi. Fegurð lífsins felst í eilífðinni sem veltur áfram eins og hrykill og ýmist vefur utan af sér eða veltir upp á sig. Himininn er eins og sálmur sem við horfum blóðandi til.

Ímyndunin og mannkynssagan leggja upp frá sama stað, innri og ytri heimurinn, og fjarlægjast svo hver aðra. Þegar við drögum þær saman aftur sjáum við að heimur hugans, hin innri veröld, er hinn raunverulegi heimur, heimur nærfærnislegu hlutanna, heimur eins manns og stórra atburða, sem virðast litlir í mannkynssögunni. Mannkynssagan er heimur heildarinnar, maðurinn er heill heimur. Lífið utanvert er til að fylla upp í ákveðna heildarmynd, einstaklinginn rekur þar áfram eftir vindi og ýmist bjargast hann eða ferst eftir því sem heildarmyndin krefst. Í innri heiminum er ég sköpunin og velti heimssögulegum atburðum, þar gefa persónuleg atriði sem virðast smá í ytri veröldinni orðið aðalatriði. Gott er það þegar hægt er að sameina veraldimar, þannig að innri heimurinn hafi áhrif á ytri heiminn. Upp á húum heiðum finn ég hvemig orkan streymir allt umhverfis mig.

Þar sameinast hinn innri og ytri heimur án áreynslu. Þangað nær mannkynssagan ekki, þar hefst mín mannkynssaga. Ég er einn og mér finnst sem dýrin, jurtirnar, grjótið og allt sem við blasir sé hluti af mínum innri heimi. Svanurinn verður ef til vill tákn mikilla atburða í hinum innra heimi, kindurnar, fuglarnir, grjótið, grasló. Ef til vill verður þetta landslagsmynd innri atburða. Þessi veröld er sú sem á að flytjast inn í sýningarsalina og verða ný veröld sem getur sameinast innri veröld annars einstaklings. Og sú veröld er óendanlega stór.

H.P.F. Úr dagbókum 1987



Hvíti hesturinn, 1987, dúkskurður, 30,5x42 cm



*Helgi Þorgils Friðjónsson  
Rekagrandi 8,  
107 Reykjavík, ISLAND.*



MYNDASKRÁ-GALLERÍ SVART Á HVÍTU

1.	FYLLIBYTTUR	20.000
2.	LEIKHÚSATRÍÐI (RÓMÚLUS OG REMUS)	14.000
3.	LOKADUR HEIMUR	14.000
4.	SUMARNÓTT	18.000
5.	GOSBRUNNUR UPP TIL HEIÐA	14.000
6.	MAÐUR, PÁFAGAUÐUR, HUNDUR	14.000
7.	SKÓGARFERÐ	14.000
8.	PUNGBÚIN SKÝ	14.000
9.	ANDARDRÁTTUR LÍFSINS	24.000
10.	GRÆNIR DAGAR	24.000
11.	HAUST	24.000
12.	GULLALDARDAGAR OG LISTAMAÐURINN	18.000
13.	UPPSTILLING UM NÓTT	24.000
14.	SAGA AUGNABLIKANNA	45.000
15.	VENUS SNÝR AFTUR	24.000
16.	MEYJAN OG BIÐLARNIR	24.000
17.	FERÐALANGAR Á REGNBOGANUM	24.000
18.	TIL FRAMTÍÐARINNAR	4.500
19.	HVÍTI HESTURINN	4.500
20.	FÓSTBRÆÐUR Í UPPVEXTI	4.500
21.	SAMBAND VIÐ ALMÆTTIÐ	4.500
22.	GRÍMAN	20.000
23.	RAUÐ NÓTT	18.000
24.	HIRÐBOÐAR	24.000
25.	FERÐALAG TIL FRAMTÍÐARINNAR	15.000
26.	SEXTÁN GRAFÍKMYNDIR	4.500
27.	BOÐSKAPUR FRELSISINS (í glugga að götu)	30.000
28.	DAGAR DYGGÐARINNAR (í glugga að torgi)	30.000
29.	HÖRPUDISKUR	20.000

MYNDASKRÁ-KJARVALSSTAÐIR

1.	FERÐALAG UM GEIMINN	50.000
2.	PILTUR OG STÚLKA	70.000
3.	GUÐIR FJALLANNA	45.000
4.	LISTAMANNAKANÉNA	55.000
5.	UPPSTILLING	80.000
6.	TVÖFÖLD SJÁLFSMYND	100.000
7.	VENUS ELSKAR MIG HEIT	80.000
8.	Á HAUSTAKRI	50.000
9.	TVEGGJA DRAUMUR	100.000
10.	KYRR SUMARNÓTT	125.000
11.	SÓLARLAG	70.000
12.	LISTAMAÐURINN OG UPPSTILLING	90.000
13.	HINIR STEFNULAUSU	170.000
14.	SJÁLFSMYND	150.000
15.	FERÐALANGAR UM STJÖRNUBJARTA NÓTT	50.000
16.	SJÁLFSMYND AF LISTAMANNINUM AÐ MÁLA SJÁLFSMYND	80.000
17.	GRÍMA MORGUNSINS	55.000
18.	NÓTT	70.000
19.	VERÖLD VIÐ FOSSINN	125.000
20.	SJÁLFSMYND MEÐ VASA Á HÖFÐINU	130.000
21.	KLÍÐUR NÆTURINNAR	125.000
22.	ÓRLAGASTUND	70.000
23.	STJÖRNUNÓTT	115.000
24.	SJÁLFSMYND OG UPPSTILLING	110.000
25.	HÍÐ EILÍFA FERÐALAG	140.000
26.	SAMKOMULAGIÐ	45.000
27.	Á GRÆNUM DEGI	60.000
28.	IÐUGUN	60.000
29.	SKÍRNARFONTURINN	50.000
30.	VENUS	130.000
31.	VIÐ FOSSINN	55.000
32.	GULLIN NÓTT	140.000
33.	GRÍMA HVERSDAGSINS	140.000
34.	VORVINDAR	140.000
35.	SÓL UM NÓTT	120.000
36.	FJÓRIR BRÆÐUR	80.000
37.	TIL HEIÐURS GUÐUNUM	100.000
38.	HUGSUN ÚT Í TÓMIÐ	120.000
39.	UPPSTILLING Í LANDSLAGI	50.000
40.	PEIR SEM GUÐIRNIR ELSKA	120.000
41.	GRÍMAN OG SAKLEYSIÐ	100.000
42.	UPPHAFNING LÍFSINS	140.000
43.	SÓLARLAG OG ÓLDUGJÁLFUR	140.000